

Stoð ehf
Verkfræðistofa
Aðalgötu 21
550 Sauðárkróki

Garðabær, 28. ágúst 2023
Málsnúmer: 202307-0029
IAS

Efni: Umsögn um áform um breytingu á aðalskipulagi vegna efnisnámu við Litlu-Gröf

Vísað er í tölvubréf frá Verkfræðistofunni Stoð ehf, dags. 24. júlí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna áforma um breytingar á gildandi aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035 vegna nýrrar efnisnámu við Litlu-Gröf.

Breyta á landbúnaðarsvæði í efnistökusvæði, samtals 6,92 ha á tveimur svæðum sem aðskilin eru af helgunarsvæði Sauðárkrókslínu. Áætluð vinnsla er allt að 250 000 m³ af efni á gildistíma skipulagsins sem er til 2035. Jarðvegi, 0,5-1,0 m, verður ýtt ofan af og unnið niður 3-3,5 m. Jarðvegurinn verður notaður við frágang að efnistöku lokinni.

Landið er utan verndarsvæða, að hluta lítt gróið en skv vistgerðakorti er þarna mest hraungambravist og mosamóavist en víðikjarrvist o.fl. er í nágrenninu. Mikilvæga fuglasvæðið „Láglendi Skagafjarðar“ er 1-2 km frá. Reikna má með að spói og heiðlóa nýti svæðið til varps.

Efnið sem á að vinna er í malarhjöllum sem mynduðust við hærri sjávarstöðu við lok ísaldar og þekja þeir um 1 km breitt svæði vestan við Reynisstaði sem liggur um 3 km til suðurs. Reynisstaðanáma, sem nú hefur verið lokað, er í sömu myndun. Á hluta svæðisins eru dæmigerð dauðisform svo sem malarásar og jökulker en annarstaðar hafa þau verið slettuð vegna sjávarrofs upp í um 45 m hæð. Þetta er ein af þremur fornum óseyrum við sunnanverðan Skagafjörð en hinar eru við Sauðárkrók og Vindheimamela.

Um 4 km sunnan við fyrirhugað efnistökusvæði er svæði 417 á náttúruminjaskrá „Malarásar í Sæmundahlíð“ en um það segir: „Óvenjufallegir og reglulega lagaðir malarásar auk jökulkerja. Merkar jarðsöguminjar um hop jökulsins í lok ísaldar.“

Ekki er hægt sjá á loftmyndum hvort merkar jarðminjar eru á fyrirhugðuðu efnistökusvæði en það er í um 50 m hæð og því líklegt að þar sé að finna óraskaðar jarðminjar frá síðjökultíma; um 500 m norðaustan við eystra svæðið er t.d. jökulker með tjörn í.

Mikil ásókn í efni úr malarhjöllum veldur því að óröskuðum malarhjöllum fækkar og þó að umrætt svæði sé ekki innan svæðis 417 á náttúruminjaskrá þá er það hluti af sömu heild og geymir upplýsingar um hörfun jökla í Skagafirði á síðjökultíma. Náttúrufræðistofnun telur því æskilegt að malarhjallarnir verði skoðaðir með tilliti til jarðminja og verndargildið metið.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

